



Fundur háskólaráðs 6. júní 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludvig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 01.06.2007
Dags: 06.06.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

09/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, miðvikudaginn 6. júní var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 12.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Matthías Páll Imsland, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Þórdís Kristmundsdóttir og Þórir Hrafn Gunnarsson (varamaður Sigurrosar Eiðsdóttur). Inga Jóna Þórðardóttir boðaði forföll. Einnig sat fundinn Þórður Kristinsson. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Staða mála eftir háskólafund 16. maí sl.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins og vinnunni framundan.

1.2 Málafni siðanefndar, sbr. niðurstöðu háskólafundar 17. nóvember sl. Siðareglur og siðanefnd Háskóla Íslands.

Fyrir fundinum lá samantekt um málið og gerðu rektor og Magnús Diðrik Baldursson grein fyrir því. Málið var rætt.

- Háskólaráð staðfesti siðareglur Háskóla Íslands og starfsreglur siðanefndar Háskólans, með breytingum samþykktum á háskólafundi 17. nóvember 2006.

Rektor bar upp tillögu um að Þórður Harðarson, prófessor við læknadeild, verði formaður siðanefndar Háskóla Íslands, en áður hafði Félag háskólakennara tilnefnt Sigríði Þorgeirsdóttur, dósent við hugvísindadeild, til setu í nefndinni og Félag prófessora tilnefnt Þorstein Vilhjálmsson, prófessor við raunvísindadeild.

- Samþykkt samhljóða. Erna Kristín Blöndal, fulltrúi stúdenta, vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

1.3 Málafni jafnréttisnefndar, sbr. fund ráðsins 15. febrúar sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Frestað.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Erindi frá stjórn Flugkerfa hf. um aukningu hlutafjár í félaginu.

Inn á fundinn kom Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskólans og varamaður Ebbu Þóru Hvannberg, fulltrúa Háskólans í stjórn Flugkerfa hf. Gerðu rektor og Gunnlaugur grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Meðal annars var rætt um að mörkuð verði stefna um fjárfestingar og eignarhald Háskóla Íslands í fyrirtækjum og félögum.

- Samþykkt samhljóða að heimila aukningu hlutafjár í Flugkerfum hf. í samræmi við tillögu stjórnar félagsins, dags. 24. apríl sl. Jafnframt samþykkt að Háskóli Íslands falli frá forkaupsrétti sínum við hlutafjárukninguna. Einnig var samþykkt að heimila breytingu á opinberu nafni félagsins úr Flugkerfi í enskt heiti þess Tern Systems og að breyta hlutafélagiforminu úr hf. í ehf. Helgi Þorbergsson, fulltrúi raunvísindasviðs, vék af fundi við afgreiðslu málsins

2.2 Drög að samstarfssamningi Háskóla Íslands og Hjartaverndar um kennslu og rannsóknir í lýðheilsuvísindum og öðrum heilbrigðisvísindagreinum.

Rektor og Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, gerðu grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma.

2.3 Drög að samningi Háskóla Íslands og Hólaskóla - Háskólans á Hólum um kennslu og rannsóknir í sjávar- og vatnalíffræði.

Rektor og Þórður Kristinsson gerðu grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma.

2.4 Niðurstöður kannana á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna, bréf frá trúnaðarmanni SFR hjá Háskóla Íslands, dags. 16. maí sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu sem var rætt ítarlega. Í umræðunni var m.a. vikið að aðferðafræði kannana af þessu tagi.

- Samþykkt einróma að fela starfsmannasviði að fara yfir niðurstöður könnunarinnar og bera þær saman við hliðstæða könnun sem nýlega var gerð á vegum fjármálaráðuneytisins, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og ParX viðskiptaráðgjafar IBM. Jafnframt greini starfsmannasvið hugsanlegan vanda og geri tillögur um úrbætur.

2.5 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum.

a. Tillaga að verklagsreglum um einkunnaskil kennara, sbr. fund ráðsins 12. apríl sl.

Rektor gerði grein fyrir tillögunni og var hún rædd.

- Samþykkt einróma.

b. Tillaga að breytingu á 4. gr. reglna um Rannsóknastofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands. nr. 345/2007.

- Samþykkt einróma.

c. Tillaga að breytingu á verklagsreglum um akademísk gestastörf.

Inn á fundinn kom Jón Atli Benediktsson, formaður gæðanefndar, og gerði grein fyrir tillögunni. Málið var rætt ítarlega og svaraði Jón Atli framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Samþykkt samhljóða en einn var á móti.

2.6 Stjórnir, nefndir og ráð:

a. Skipan stjórnar Háskólaútgáfunnar og skýrsla stjórnar 2006, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að fela Rúnari Vilhjálmssyni, fulltrúa Félags prófessora og Félags háskólakennara, Gunnlaugi H. Jónssyni, innri endurskoðanda Háskólans og Sigurði J. Hafsteinssyni, sviðsstjóra fjármálasviðs, að fara yfir skýrslu stjórnar Háskólaútgáfunnar og undirbúa tillögur um viðbrögð fyrir næsta fund ráðsins.

b. Kjör fulltrúa og varafulltrúa Háskóla Íslands í stjórn Félagsstofnunar stúdenta til næstu tveggja ára.

- Frestað.

c. Tilnefning fulltrúa háskólaráðs í fastar dómnefndir, sbr. 40. gr. reglna Háskóla Íslands. nr. 458/2000.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að eftirfarandi prófessorar verði fulltrúar háskólaráðs og þar með formenn og varamenn í föstum dómnefndum:

Heilbrigðisvísindi:

Aðalmaður: Bjarni Þjóðleifsson, prófessor við læknadeild.

Varamaður: Helga Jónsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild.

Hugvísindi:

Aðalmaður: Guðrún Kvaran, prófessor á Stofnun Árna Magnússonar.

Varamaður: Ástráður Eysteinnsson, prófessor við hugvísindadeild.

Félagsvísindi:

Aðalmaður: Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor við félagsvísindadeild.

Varamaður: NN.

Verk- og raunvísindi:

Aðalmaður: Viðar Guðmundsson, prófessor við raunvísindadeild.

Varamaður: Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við verkfræðideild.

d. Kjör tveggja fulltrúa og eins til vara í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

- Frestað.

2.7 Uppbygging safnafræðináms á meistarastigi - umsagnir kennslumálanefndar og fjármálanefndar, sbr. fund háskólaráðs 1. mars sl.

- Frestað.

2.8 Tillaga frá félagsvísindadeild um breytingu á fyrri samþykkt háskólaráðs (7.12.06) um fjöldatakmörkun í cand.psych. námi í sálfræði. Í stað 16 nemenda sem teknir verða inn í námið verði heimilt að taka inn 20.

Ólafur Þ. Harðarson, fulltrúi félagsvísindasviðs, gerði grein fyrir tillögunni.

- Samþykkt einróma.

2.9 Gjaldtaka á bílastæðum við Háskóla Íslands. Tilraunaverkefni og samstarf við Reykjavíkurborg.

- Frestað.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Stofnskjöl Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

3.2 Greinargerð starfshóps um málefni stúdenta og starfsfólks af erlendum uppruna.

3.3 Bologna-ferlið. Yfirlýsing menntamálaráðherra þeirra landa sem aðild eiga að ferlinu á fundi þeirra í London 18. maí sl.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 13.50.